

27. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins 1872.
yfir Íslandi, um tekjur af brauði. 28. febrúar.

Með bréfi, dagsettu 9. nóvbrm. f. á., ásamt fylgiskjólum, hafð þér, háæruverðugi herra, sent hingað skjal nokkurt, þar sem Ísleifur Einarsson, fyrrum prestur að Stað í Grindavík í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem fékk veitingu fyrir þessu brauði 19. ágúst 1868, en kaus heldur að sitja á brauði því, sem hann til þess tíma hafði haft; til næstu fardaga, hefir lagt það undir úrskurð stjórnarráðsins, hvort hann eigi, samkvæmt tilsk. 6. janúar 1847¹ ásamt með tilsk. 3. febrúar 1836, IV.² hafi tilkall til nokkurs hluta af þeim tekjum, sem Stefán prestur Thorarensen, er þjónaði Staðar kallinu á fardagaárinu 1868—69, hefir haft af því brauði afdráttarlaust.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtuð það, að stjórnarráðið fellst á það, sem héraðs-prófasturinn, sira Þórarinn Böðvarsson, hefir stungið upp á áliti sínu um þetta mál, en samkvæmt því skuli sèra Stefán Thorarensen halda afdráttarlaust þeim tekjum af tæðu kalli, sem fallnar eru fyrir 19. ágúst 1868, en þeim tekjum, sem eru fallnar frá þessum tíma til næstu fardaga, skuli skipta milli hans og prestsins Ísleifs Einarssonar eptir þeim reglum, sem settar eru í tilsk. 3. febr. 1836, IV.

28. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfir- 28. febrúar.
valdanna á Íslandi, um launaviðbót handa fyrsta
kennara við prestaskólann, Helga Hálfánarsyni.

Eptir að kirkju- og kennslustjórnin hafði skrifazt á við dóms-málastjórnina útaf bænarskrá, sem þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, senduð hingað með bréfi, dagsettu 21. nóvbrm. f. á., frá fyrsta kennara við prestaskólann á Íslandi,

¹) Lovsamling for Island, XIII., 569.

²) Lovsamling for Island, X., 687.

1872.
28. febrúar. **Helga Hálfðánarsyni**, um það, að honum allramildlegast verði veitt persónuleg launabót, að minnsta kosti 400 rd. á ári, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtíð það, að það, sem með þarf í þessu skyni, hefir verið tekið upp í áætlunina um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu 1872—73, sem allramildlegast var staðfest 26. þ. m.

28. febrúar. **29. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtsins og biskupsins á Íslandi, um hútleigustyrk handa stúdentum á prestaskólanum.**

Um leið og þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, með bræfi 8. júní f. á. senduð hingað fjárhagsáætlun prestaskólans fyrir reikningsárið 1872—73, hafð þér farið þess á leit, að veittur verði hútleigustyrkur handa 18 stúdentum við tæðan skóla, 40 rd. handa hverjum, eða alls 720 rd., í stað þess, að áður var að eins veittur til þessa styrkur handa 10, þangað til í fyrra¹, en þá fengu hann 14.

Eftir að kirkju- og kennslustjórnin hefir skrifazt á útaf þessu við dómsmálastjórnina, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtíð það, að það fè, sem með þarf til þessa, er veitt með áætlun um tekjur og útgjöld Íslands fyrir reikningsárið 1872—73, sem allramildlegast er staðfest 26. þ. m.

29. febrúar. **30. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um styrk til kennslu ómála barna.**

Eftir að kirkju- og kennslustjórnin hefir skrifazt á við dómsmálastjórnina útaf bænarskrá, sem þér, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúi á alþingi í fyrra hafð sent hingað, og þar sem

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 232.